

Ed.

1214. Nefndarálit

[236. mál]

um frv. til l. um sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs á láni vegna byggingar stálvölsunarverksmiðju.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt mál þetta ítarlega á mörgum fundum. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að fjármálaráðherra verði veitt heimild sú, sem farið er fram á, í trausti þess að hún verði því aðeins notuð að eiginfjárstaða fyrirtækisins verði trygg, bankaviðskipti með eðlilegum hætti og náttúruverndarsjónarmiða gætt. Er því lagt til að frv. verði samþykkt með breytingartillögu sem meiri hl. flytur á sérstöku þskj.

Alþingi, 10. júní 1985.

Ey. Kon. Jónsson,
form., frsm.
Valdimar Indriðason.

Eiður Guðnason,
fundaskr., með fyrirvara.
Jón Kristjánsson.

Egill Jónsson.
Ragnar Arnalds.